

Málm. 16/12/20  
360

UNICEF á Íslandi., kt.481203-2950, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, hér eftir nefnt *UNICEF* og *Hafnarfjarðarbær*, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði, hafa gert með sér eftirfarandi

## samkomulag

UNICEF og Hafnarfjarðarbær lýsa því yfir og eru sammála um að þau muni ganga til samstarfs um framkvæmd verkefnisins *barnvæn sveitarfélög*. Verkefnið felst í því að Hafnarfjarðarbær innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt hugmyndafræði *barnvænna sveitarfélaga* sem UNICEF og umboðsmaður barna hafa þróað. Framkvæmd verkefnisins er í höndum Hafnarfjarðarbæjar með reglulegum og vel tilgreindum stuðningi UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar. Samhliða innleiðingunni mun Hafnarfjarðarbær vinna að þróunarverkefni í tengslum við réttindi barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Stuðningur UNICEF er nánar útlistaður í meðfylgjandi viðauka við samkomulag þetta.

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans séu leiðarstef í starfsemi þess. Við innleiðinguna rýna starfsmenn og kjörnir fulltrúar ákvarðanatökufærli sveitasélagsins með hliðsjón af Barnasáttmálanum, gera aðgerðaráætlun, koma í framkvæmd viðeigandi breytingum. Sáttmálinn er er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.


Fyrirhugað er að innleiðingarferlið standi yfir í tvö ár, frá október 2019-2021. Að loknum þeim tíma getur Hafnarfjarðarbær hlotið, að uppfylltum forsendum verkefnisins, viðurkenningu frá UNICEF fyrir að vera *barnvæn sveitarfélag*. Viðurkenninguna þarf að endurnýja á þriggja ára fresti og er í höndum UNICEF á Íslandi. Við úttekt þarf sveitarfélagið að sýna fram að innleiðingarvinnan hafi haldið áfram og að sveitarfélagið hafi uppfært aðgerðáætlun sína fyrir innleiðingu Barnasáttmálans árlega samkvæmt hugmyndafræði *barnvænna sveitarfélaga*.

Greiðslur til UNICEF vegna fræðslu og ráðgjafar í tengslum við verkefnið skulu fara eftir gjaldskrá og tímaáætlun í meðfylgjandi viðauka. UNICEF mun gæta fyllstu sanngirni við innheimtu greiðslna umfram tímaáætlun að viðhöfðu samráði við Hafnarfjarðarbæ.


Aðilar samkomulagsins lýsa með undirritun sinni yfir vilja sínum og ætlun um að viðhafa gott og náið samstarf með réttindi og velferð barna í Hafnarfirði að leiðarljósi. Ef upp kemur ágreiningur vegna samkomulags þessa skulu báðir aðilar reyna að leysa hann í sátt. Kjósi aðilar að fara með deiluna fyrir dómstóla skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hafnarfirði, 27. mars 2019.

f.h. UNICEF á Íslandi


  
Bergsteinn Jónsson

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

  
Rósa Guðbjartsdóttir

Vottar:

  
Hildur Þorðardóttir

  
Fannney Þorðardóttir



## Barnvæn sveitarfélög - Kostnaðaráætlun

Starfsfólk UNICEF á Íslandi veitir umsjónarmanni og stýrihópi verkefnisins hjá Hafnarfjarðarbæ, kjörnum fulltrúum og starfsmönnum ítarlega ráðgjöf og fræðslu, líkt og útlistað er hér að neðan. Fræðslan fer meðal annars fram á námskeiðum og með erindum sem skipulögð eru í samráði við umsjónarmann eða stýrihópi verkefnisins. Sveitarfélagini stendur jafnframt til boða gögn og fræðsluefnir sem starfsfólk þess getur nýtt sér við innleiðinguna: Ítarleg handbók fyrir líkanið, spurningalisti, gátlista og viðamikla verkfærakistu á netinu. Eru öll þessi gögn sveitarfélagini að kostnaðarlausu. Ekkert skráningargjald verður lagt á sveitarfélagið á innleiðingartímabilinu en árgjald verður hluti af líkaninu ef Hafnarfjarðarbær hlýtur vottun UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag.

Kostnaðaráætlun verkefnisins miðað við stærð og fjölda stofnana Hafnarfjarðarbæjar er hér að neðan, sundurliðuð eftir átta skrefum innleiðingarinnar sem áður voru nefnd. Áætlunin miðar við eftirfarandi verðskrá:

Ráðgjafabjónusta per klst.....	20.000 kr án VSK
Námskeið 2 klst.....	50.000 kr
Námskeið 4 klst.....	75.000 kr
Námskeið 8 klst.....	150.000 kr

### 1. Skref – Staðfesting þáttöku

- Kynningarfundur haldinn með kjörnum fulltrúum, sviðsstjórum og forstöðumönnum stofnana áður en formleg ákvörðun um þáttöku er tekin í bæjarstjórn.
- Sveitarfélagini útvegað kynningar- og fræðsluefni til að kynna verkefnið frekar innan stjórnerfisins.
- Heilsdags námskeið fyrir stýrihóp, kjörna fulltrúa, sviðsstjóra og umsjónarmann verkefnisins (1 x 150.000 kr).
- Ráðgjöf veitt stýrihópi verkefnisins og starfsmanni þess.
- Viðburður skipulagður ásamt sveitarfélagini þar sem formleg yfirlýsing er undirrituð um vilja sveitarfélagsins til að gerast barnvænt sveitarfélag.

Námskeið (1x heilsdagsnámskeið), ráðgjöf og önnur vinna starfsmanna UNICEF á Íslandi (5 klst):

**250.000 kr**

### 2. Skref – Kortlagning og samtal

- Ráðgjöf við fyrlögn á spurningalistum fyrir börn og fullorðna í sveitarfélagini.
- Aðgangur að spurningalistum.
- Ráðgjöf við úrvinnslu á spurningalistum
- Ráðgjöf og undirbúnungur við skipulagningu ungmennaþings.
- Ráðgjöf til stýrihóps varðandi úrlausnir á gátlistum sem hópurinn fyllir út.
- Ráðgjöf við val á samráðshópum sem skoða sérstök málefni út frá kortlagningunni (sérfræðihópar barna, fagfólks og foreldra).
- Ráðgjöf vegna samráðs við börn sem tilheyra viðkvæmum hópum (siðferðisleg álitamál og framkvæmd).
- Ráðgjöf vegna ungmennaráðs.

- Hálfsdags námskeið fyrir ungmannaráð (1 x 75.000 kr).

*Ráðgjöf, námskeið og önnur vinna starfsmanns UNICEF á Íslandi (70 kls):  
1.475.000 kr*

### **3. Skref – Fræðsla**

- Hálfsdags námskeið fyrir ungmannaráð sveitarfélagsins þar sem kafað er dýpra í vinnuna við innleiðingu Barnasáttmálans (1 x 75.000 kr). Ráðið fær jafnframt þjálfun í því hvernig þau geti sjálf staðið fyrir jafningjafræðslu fyrir börn og ungmenni í sveitarféluginu.
- Tveggja klukkustunda námskeið sem eru sérsniðin að hverju sviði sveitarfélagsins (5 x 75.000).

*Námskeið samtals:*

**450.000 kr**

Einfalt er að bæta við námskeiðum innan einstakra stofnana eða sviða, eftir þörfum. Er þá miðað við tveggja tíma námskeið, greitt samkvæmt verðskrá.

### **4. Skref – Aðgerðaáætlun**

- Ráðgjöf við gerð aðgerðaáætlunar.

*Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanns UNICEF á Íslandi (16 klst):  
320.000 kr*

### **5. Skref – Framkvæmd**

- Tvö heildsdags námskeið fyrir um þrjátíu manns í hvert skipti fyrir starfsmenn sviða og stofnana sveitarfélagsins (2 x 150.000 kr). Miðað er við að bjóða einum starfsmanni frá hverju sviði og stofnun að gerast sérstakir tengiliðir við verkefnið. Þeir geti í kjölfarið frætt samstarfsmenn sína og stuðlað að verkefnum innanhúss hjá sér sem eru í anda Barnasáttmálans. Áhersla er lögð á að ná til stofnana og sviða innan stjórnkerfisins sem vinna dags daglega með börnum og ungmennum en einnig sviða sem hafa ekki augljósa tengingu við börn, t.d. fjármálasvið, skipulags og umhverfissvið og eignaumsýsla.
- Ráðgjöf við ýmsa þætti sem upp kunna að koma við framkvæmdina (miðað við 20 klst).

*Ráðgjöf og námskeið samtals:*

**1.000.000 kr**

### **6. Skref – Skýrsla**

- Yfirferð á skýrslu stýrihópsins um framgang innleiðingarinnar (tveir starfsmenn UNICEF á Íslandi fara yfir hana, 2 x 8 klst).
- Fundur með stýrihópnum þar sem farið er vandlega yfir skýrsluna (2 klst).

*Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanna UNICEF á Íslandi (18 klst):  
360.000 kr*

## 7. Skref – Mat og viðurkenning

- Mat á framkvæmd verkefnisins, út frá skýrslu stýrihópsins og fundi með honum (tveir starfsmenn sinna matinu, 2 x 10 klst).
- Viðburður í tengslum við viðurkenningu, í samstarfi við sveitarfélagið.

*Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanna UNICEF á Íslandi (20 klst):  
400.000 kr*

## 8. Skref – Endurmat og ný markmið

- Að þremur árum liðnum getur sveitarfélagið sótt um nýtt mat til að viðhalda viðurkenningunni sem barnvænt sveitarfélag.

**Heildarkostnaður fyrir Hafnarfjarðarbæ (deilist niður á 3 fjárhagsár): 4.255.000 kr án VSK.**

Ráðgjöf og fræðsla umfram þessa kostnaðaráætlun er samkvæmt verðskrá að ofan, og skulu hafa hlotið samþykki beggja aðila með formlegum eða rekjanlegum hætti.

$$\begin{pmatrix} 0 & -1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$

$$\begin{pmatrix} 0 & 1 \\ 1 & 0 \end{pmatrix}$$